

**Ed.**

**27. Frumvarp til laga**

**[23. mál]**

um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga milli Íslands og Póllands.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

**1. gr.**

Af andvirði þeirra vara, sem fluttar eru út til Póllands, samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands, undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi, undirrituðum 7. apríl 1949, skal fyrir fullt og allt haldið eftir kr. 284.48 af hverju 100 dollara gjaldeyrisverðmæti, sem skilað er til Landsbanka Íslands, þannig, að útflytjendur fái greitt það sama í íslenskum krónum og þeir hefðu fengið, ef kaupgengi Bandaríkjagjaldeyris hefði verið kr. 647.27 á hverja 100 dollara, en ekki 931.75 eins og það nú er orðið. Sama regla skal gilda um þjónustu, sem innt er af hendi samkvæmt þessum samningum.

**2. gr.**

Landsbanki Íslands heldur eftir mismun þeim, sem um getur í 1. gr., við hver kaup á gjaldeyri frá Póllandi, samkvæmt samningum þeim, sem taldir eru í 1. gr., og leggur um leið viðkomandi fjárhæðir á sérstakan reikning í bankanum, er nefnist verðjöfnunarsjóður Póllandsviðskipta. Skal fé þetta notað til þess að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og greiðslu á þjónustu samkvæmt fyrrnefndum samningum um kr. 284.48 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkja-gjaldeyris. Enn fremur skal fé þetta notað til þess að jafna það gengistap ríkissjóðs, sem af því leiðir, að skuld Landsbanka Íslands við pólska þjóðbankann hækkar í íslenskum krónum við gengisbreytinguna.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga  
milli Íslands og Póllands.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna gengislækkunar íslenzkrar krónu gagnvart Bandaríkjaldeyri, og þar eð greiðslur samkvæmt gildandi viðskiptasamningi við Pólland fari reikningslega fram í þeim gjaldeyri, muni grundvöllur viðskiptanna við það land raskast og það hafa í för með sér óheppileg áhrif á verðlagsþróunina innanlands, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það. Telur ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að gefa út sérstök bráðabirgðalög í þessu skyni, og eru því hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

**1. gr.**

Af andvirði þeirra vara, sem fluttar eru út til Póllands, samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands, undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi, undirrituðum 7. apríl 1949, skal fyrir fullt og allt haldið eftir kr. 284.48 af hverju 100 dollara gjaldeyrisverðmæti, sem skilað er til Landsbanka Íslands, þannig, að útflytjendur fái greitt það sama í íslenzkum krónum og þeir hefðu fengið, ef kaupgengi Bandaríkjaldeyris hefði verið kr. 647.27 á hverja 100 dollara, en ekki 931.75 eins og það nú er orðið. Sama regla skal gilda um þjónustu, sem innt er af hendi samkvæmt þessum samningum.

**2. gr.**

Landsbanki Íslands heldur eftir mismun þeim, sem um getur í 1. gr., við hver kaup á gjaldeyri frá Póllandi, samkvæmt samningum þeim, sem taldir eru í 1. gr., og leggur um leið viðkomandi fjárhæðir á sérstakan reikning í bankanum, er nefnist verðjöfnunarsjóður Póllandsviðskipta. Skal fé þetta notað til þess að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og greiðslu á þjónustu samkvæmt fyrrnefndum samningum um kr. 284.48 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkjaldeyris. Enn fremur skal fé þetta notað til þess að jafna það gengistap ríkissjóðs, sem af því leiðir, að skuld Landsbanka Íslands við pólska þjóðbankann hækkar í íslenzkum krónum við gengisbreytinguna.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. október 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*